Árið 1963, laugardaginn 15. júní var haldinn aðalfundur hestamanna-félagsins Glaðs að Nesodda. Form. Bald-vin Þórarinsson setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Tilnefndi sem fundarritara séra Eggert Ólafsson á Kvennabrekku.

Í upphafi gat formaður þess að ekki hefði orðið af því eins og til hefði staðið að Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni sæti fundinn, en taldi vel fara á því að hafa síðar sérstakan fund með hon-um.

I Gjaldkeri Gísli Þorsteinsson, oddviti í Geirshlíð las því næst uppreikninga ársins 1962 og skýrði þá, lagði þá þarnæst fram til athugunar. Reikningarnir voru

síðan borinn upp og samþykktir í einu hljóði.

II. Þá fór fram inntaka nýrra félaga og gengu í félagið Guðmundur Kristjánsson og Erlingur Guðmundsson Hörðubóli. Þá stakk formaður upp á því, að Jón Sumarliðason og Oddur Eysteinsson, sem báðir eru fluttir af félagssvæðinu en eru enn félagar og allir hið hafa unnt af hendi fórnfús störf fyrir félagið yrðu gerðir að heiðursfélögum og var það samþykkt í einu hljóði.

III. Formaður skýrði frá því að enn hefði ekki verið gengið frá sérstofnun hrossaræktarsambands Borgarfjarðar, en nú lægi fyrir að kjósa 4. ra. (kviggja) manna nefnd

til þess að fylgjast með framvindu þessa máls og jafnframt til þess að setja stofnfund og aðalfundi hrossaræktarsambandsins, þegar að því kæmi. Jafnframt mynda þessir menn kynbótanefnd félagsins. Kosningu hlutu: Albert Finnbogason, Hofsstöðum, Hjörtur Kjartansson Vífilsdal, Jón Jósepsson Núpi og Jón Hallsson Búðardal

Þá minntist form. á núverandi kynbótahest, lýsing frá Vöðmúlastöðum og taldi að vel hefði tekist með valið og vitnaði í dóm Gunnars Bjarnasonar ráðunauts máli sínu til staðfestings. Ákveðið var að stóðhesturinn yrði settur í girðinguna 19. þ.m. og yrðu 15-18 hryssur samtímis í girðingunni.

4. Samþykkt að halda skemmtun 7. júlí
5. Albert og Ágústi falið að gera við allar girðingar
6. Kosnir til að sjá um dansinn á skemmtuninni voru Gunnar Jósefsson Magnús Jósefsson, Guðmundur Guðbrandsson, Ólafur Pálmason og Eyjólfur Jónsson Guðmundur á Kolstöðum og Sæmundur í Tungu
7. Kosnir til að sjá um hesta í girðingunni Guðmundur Sigurðsson og Haraldur Stefánsson.
8. Merkjasölu skulu annast þeir Jón Ólafsson, Daði Kjartansson Guðmundur og Erlingur Hörðubóli Skúli Skúlason, Óskar Jóhannesson og Ingi Jónsson
9. Til að selja merki að dansinum Jónas Ben. og Pálmi Jónsson Samþ. að hafa gjaldið að kapp-

ríðum kr. 30 og að dansinum
kr. 50
10. Kosnir til að vasa hestana
Jón og Gunnar Jósefssynir
11. Kjörnir í dómnefnd. Albert
Finnbogason, Gísli Þorsteinsson
og Hjörtur Ögmundsson
12. Endurskoðendur Pálmi Jónasson
og Friðfinnur Sigurðsson og
til vara Eggert Ólafsson
13. Stjórn félagsins endurkjörin
í einu hljóði
14 Samþ. var að fá húslán hjá
ungmennafélaginu með sama
hætti og s.l. ár og veitingar
hjá kvenfélaginu með sama
hætti
15. Ákveðið var að hafa sömu
verðlaun og s.l. ár.

16. Samþ. var í einu hljóði að hækka árgjald félagsins í kr. 50.-
17. Samþ. að utanfélagsmenn greiði kr. 150 fyrir að halda undir stóðhestinn pr. hryssu.
18. Formaður las upp erindis bréf frá L. H. sem fjallaði um aðstöðu fyrir hestamenn að hafa not af leitarmannahúsum og girðingarhólfum á sumarferðalögum.
Var Vardælingum falið að athuga með afnot af leitarmannahúsi á Hjaltadalsfjalli.
Ennfremur var óskað eftir því í bréfi L. H. að fá fastan innheimtumann, til að innheimta blaðgjald „Hestsins okkar" Var Jón Hallsson Bdal einróma kjörinn til þessa starfs.

19. Formaður benti á að nauðsynlegt væri að athuga með færslu eða breytingu á vellinum og lagfæringu eða endursmíði dómpallsins.
Var ~~málið~~ rætt um málið á við og dreif og voru fundarmenn á einu máli um það að þetta mál þyldi litla bið og var Guðmundi á Hörðubóli falin dóm smíði á nýjum palli.
Að síðustu ávarpaði formaður fundinn ~~með~~ nokkrum velvöldum hvatningarorðum og bað félagsmenn halda vöku sinni með góðhestaefni og góðhross og nota tímann til þjálfunar, er milli stórmóta líði.
20. Form. bar undir fundarmenn,

hvort þeir teldu ekki tímabært, að kjósa sérstakan fulltrúa er mætti á ~~[illegible]~~ ársþingi hestamanna.

Var samþ. að fela stjórninni að velja kjörmann.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Eggert Ólafsson